

# Samkomulag fjármálaráðherra og Fjármálaeftirlitsins um verkaskiptingu vegna lífeyrismála

Samkvæmt 56. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, fer fjármálaráðherra með framkvæmd laganna.

Samkvæmt lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með fjármálastarfsemi eins og hún er skilgreind í lögnum. Fjármálaeftirlitið er sérstök ríkisstofnun með sérstaka stjórn, en heyrir undir viðskiptaráðherra. Samkvæmt IX. kafla laga nr. 129/1997, sbr. einnig lög nr. 87/1998, hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða og vörsluaðilum lífeyrissparnaðar.

Með hliðsjón af framangreindu er með samkomulagi þessu gerð nánari grein fyrir verkaskiptingu fjármálaráðherra og Fjármálaeftirlitsins á sviði lífeyrismála.

## 1. Hlutverk fjármálaráðherra

- Fjármálaráðherra fer með framkvæmd laga um lífeyrissjóði.
- Fjármálaráðherra annast undirbúning lagabreytinga.
- Fjármálaráðherra setur reglugerðir á grundvelli laga um lífeyrissjóði.
- Fjármálaráðherra veitir lífeyrissjóðum starfsleyfi og staðfestir breytingar á samþykktum þeirra.
- Fjármálaráðherra sker úr ágreiningi um það til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd.
- Fjármálaráðherra er heimilt að skipa lífeyrissjóði umsjónaraðila að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins, sbr. 46. gr.
- Fjármálaráðherra staðfestir reglur um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað og breytingar á þeim.

## 2. Hlutverk Fjármálaeftirlitsins

- Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við gildandi ákvæði laga, reglugerða og settra reglna og staðfestar samþykktir lífeyrissjóða.
- Fjármálaeftirlitið veitir umsögn um umsóknir um starfsleyfi til reksturs lífeyrissjóðs og einnig umsóknir lífeyrissjóða um staðfestingu fjármálaráðherra á breytingum á samþykktum þeirra.
- Fjármálaeftirlitið veitir umsögn um reglur um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað og breytingar á þeim.
- Fjármálaeftirlitið gerir tillögu til fjármálaráðherra um að skipa lífeyrissjóði umsjónaraðila, sbr. 46. gr.
- Fjármálaeftirlitið setur reglur á grundvelli laga um lífeyrissjóði.
- Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gefa út og birta opinberlega almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi lífeyrissjóða, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998.
- Fjármálaeftirlitið sker úr álitamálum sem varða túlkun á lögum, reglugerðum og settum reglum, gagnvart eftirlitsskyldum aðilum.
- Fjármálaeftirlitið viðurkennir tryggingafræðing lífeyrissjóðs og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila sé hann ekki löggiltur endurskoðandi.

- Fjármálaeftirlitið staðfestir verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóða, sbr. 29. gr.
- Önnur verkefni sem tengjast eftirlitinu.


### 3. Aðrir úrskurðaraðilar

- Eftirlitsskyldir aðilar geta skotið ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins um réttindi sín og skyldur til kærunefndar Fjármálaeftirlitsins. Úrskurður kærunefndar er endanlegur á stjórnarsýslustigi. Nefndin úrskurðar um það hvort mál heyrir undir nefndina.
- Í samþykktum lífeyrissjóða er kveðið á um heimild til að skipa gerðadóma vegna ágreiningsmála sjóðfélaga og lífeyrissjóðs.


### 4. Samskipti fjármálaráðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins

- Fjármálaráðuneytið og Fjármálaeftirlitið skulu halda sameiginlegan fund hálfárslega þar sem fjallað er um atriði er varða starfsemi lífeyrissjóða og lífeyrismál.
- Fjármálaráðuneytið og Fjármálaeftirlitið skulu halda hvort öðru upplýstu um túlkun og mótun laga og reglna sem varða lífeyrissjóði.
- Fjármálaeftirlitið upplýsir ráðuneytið um helstu ákvarðanir þess varðandi túlkun laga og annarra reglna er varða eftirlitsskylda aðila.
- Fjármálaráðuneytið og Fjármálaeftirlitið munu setja á stofn vinnuhóp sem hafi það verkefni að fylgjast með reynslunni af lögum nr. 129/1997, með síðari breytingum, og halda til haga þeim atriðum sem huga þarf að þegar lögin koma til endurskoðunar. Vinnuhópurinn skal vera undir stjórn fjármálaráðuneytisins.
- Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 87/1998 tilkynnir Fjármálaeftirlitið fjármálaráðherra um kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir Fjármálaeftirlitsins skv. 4. mgr. 9. gr., 11. gr. og 1. mgr. 12. gr. laganna.

Reykjavík, 19. desember 2001.



f.h. fjármálaráðherra



f.h. Fjármálaeftirlitsins